

Alþingi  
Erindi nr. Þ 139/3007  
komudagur 17.8.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Mosfellsbæ, 16.08.2011  
nr. erindis 201105176 uvi

**Efni: Umsögn bæjarráðs Mosfellsbæjar um frumvarp til laga um barnalög nr. 76/2003  
þskj.1374-778 mál**

Erindi Alþingis, beiðni um umsögn um frumvarp til laga umbreytingu á barnalögum nr. 76/2003 þskj. 1374 -778. máli var vísað af 1030. fundi bæjarráðs 25. maí 2011 til umsagnar undirritaðrar. Í erindi Alþingis var óskað eftir því að umsögn bærast fyrir 23. maí 2001. Tímafrestur til að veita umsögn var liðinn þegar málinu var vísað til undirritaðrar, en þar sem frumvarpið var ekki afgreitt til laga á 139. löggjafarþingi 20010-2011 fjallaði 1039. fundur bæjarráðs Mosfellsbæjar 11. ágúst 2011 um frumvarpið. Umsögn ráðsins er eftirfarandi:

Í frumvarpinu er að finna nokkur mikilvæg atriði sem ætla má að feli í sér réttarbót fyrir börn. Má þar nefna kafla I um réttindi barns og fyrirkomulagi forsjár í greinum 7, 8 og 9 um stjúp- og sambúðarforeldra. Mörk barnalaga og barnaverndarlaga eru gerð skýrari með því að barnverndarnefndum er ekki lengur ætlað að vera umagnaraðilar í forsjárdeilumálum, né að koma að framkvæmd umgengni sbr. 21. gr. frumvarpsins. Þetta atriði hefur valdið óvissu hjá aðilum máls, auk þess sem dæmi eru um að aðilar sem deila um forsjá hafa beitt barnaverndarnefnd fyrir sér í hótunarskyni gegn hvor öðrum. Sama má segja um ákvæði 16.gr. þar sem tekinn er af allur vafi á því fulltrúi hvaða barnaverndarnefndar á að vera viðstaddur ef til aðfarar kemur. Ákvæði um skyldu sýslumanns til að bjóða aðilum sáttameðferð sbr. 2.mgr.12.gr. og að þeir búi yfir nauðsynlegri þekkingu á þörfum barna og stöðu foreldra er fagnað.

**Athugasemdir:**

**1.mgr.11.gr.**

Áhyggjuefni er að ráðgjöf til foreldra sem eiga í deilum veðri ekki nægjanlega aðgengileg þar sem frumvarpinu gerir ráð fyrir því að sýslumanni beri ekki lengur skylda til að veita slíka ráðgjöf sbr. a) lið 1.mgr. 11. gr. Í því sambandi er vísað til ábyrgðar foreldra um leita sér aðstoðar að sjálfsdáðum og skyldu félagsþjónustu sveitarfélaga á að veita hana sbr. 16. og 17. gr. laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga. Sérfræðiráðgjöf er í flestum tilfellum mjög kostnaðarsöm og hætt við því að margir foreldrar veigri sér við því að leita hennar. Ljóst er að aukin áhersla á ráðgjöf sveitarfélaga vegna forsjár- umgengnismála og dagsektarmála foreldra sem vísað er til sbr. lög nr. 40/1991, mun fela í sér aukin útgjöld sveitarfélaga. Eðlilegra væri að ráðgjöf til foreldra í forsjár-, umgengnis- og dagsektarmálum sé í hendi eins og sama stjórnvalds, það er sýslumanns.




**3.mgr. 13. gr.**

Í greinin gerir ráð fyrir því að ekki verði mælt fyrir um sameiginlega forsjá með dómi en foreldrar geti með dómsátt ákveðið að forsjá verði sameiginleg. Lagt er til að dómurum verði veitt heimild til að mæla fyrir um sameiginlega forsjá með dómi.

EKKI eru gerðar frekari athugasemdir við frumvarpið.

Virðingarfyllst,



Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs